



Parafoam 2K hraðþornandi festifrauð

Lýsing:

Parafoam 2K er tveggja-þátta polyurethane festifrauð sem **full harðnar á 150 mín.**

Ný hönnun á öryggisloki brúsans kemur í veg fyrir að frauð haldi áfram að streyma upp úr brúsanum eftir notkun.

Góð hljóð- og varmaeinangrun.

Inniheldur ekki efni sem eru skaðleg ósonlaginu. Rakapolið og hægt að mála yfir.

Notkun: Snúa skal plastblaði á botni brúsans í fjóra hringi. Hrista síðan brúsann á hvolfi 20-30 sinnum. Það heyrst suð innan úr brúsanum á meðan efnin blandast saman. Fjarlægjið lok af toppi brúsans og skrúfið stútinn á. Áður en frauðað er úr brúsanum skal gefa efnunum u.þ.b. 30 sek. til að blandast saman eftir að brúsinn var hristur. Eðlilegt er að brúsinn hitni aðeins að utan við efnahvörfin. Notið brúsann á hvolfi.

Hentar t.d. vel til að festa yfirfellda hurðakarma, sem fylling meðfram glugga- og hurðakörmum og til að loka götum meðfram köplum og lögnum.

Parafoam 2K hefur mikla viðloðun við steypu, stein, timbur, málma og plastefni.

Á gljúpa fleti er ráðlagt að nota **Parasilico Primer** á flötinn áður en frauðað er til að auka bindingu.

Þegar fylla þarf bil stærra en 50 mm. er ráðlagt að byrja neðst og vinna sig upp. Þegar frauðað er í stærri rifur eða göt skal gera það í lögum. Forðast skal að fylla upp í samskeyti meira en 50% fyrir þenslu.

Undirvinna:

Yfirborð skal vera laust við ryk og alla fitu. Nota skal **Parasilico Cleaner** til að ná burt fitu og/eða óhreinindum þar sem það á við. Varast skal að frauða á blautan flöt þar sem það getur dregið úr þenslu efnisins.

Tækniupplýsingar:

Basi A: Prepolymer.

Basi B: Catalyst.

Þenst út við efnahvörf.

Þensla: 400ml. = u.þ.b. 5,5 L.

Þéttleiki: 30kg/m³.

Snertipurrt eftir: 5-7 mín.

(við 23°C í 50% raka).

Hægt að skera eftir: 7-9 mín.

(við 23°C í 50% raka).

Full þornun eftir: 150 mín.

(við 23°C í 50% raka).

Hitastig við notkun: +5°C til +25°C.

Hitapól: -40°C til +80°C.

Hitapól í stuttan tíma: -40°C til +100°C.

Togþol: 13-15 N/cm²

Pressuþol: 8-10 N/cm²

Skerstyrkur: 8-10 N/cm² (DIN 53427).

Lenging við brot: 16-20%.

Varmaleiðni: 0,03W(m²·K) (DIN 52612).

Rakadrægni: 0,3 Vol.% (DIN 53433).

Eldflokkur: B2.

Án chlorofluorocarbons.

Geymsluþol: 15 mán. (sjá botn brúsa).

Geymist uppréttur eða á hlið í stofuhita ± 20°C

Hreinsun áhalda:

Blautt frauð er hægt að þrifa burt með

Parafoam Gun & Spray Cleaner.

Hart frauð þarf að skera/skafa burt og/eða nota **Parafoam Remover.**

Framleiðandi:

DL CHEMICALS, BELGÍU.

www.dl-chem.com



* Information sur le niveau d'émission de substances volatiles dans l'air intérieur, présentant un risque de toxicité par inhalation, sur une échelle de classe allant de A+ (très faibles émissions) à C (fortes émissions).

ÍSÓL

Ísól ehf - Ármúla 17 – 108 Reykjavík – S:533-1234 – www.isol.is – isol@isol.is